

I.tbl.

4. jan. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Miðvikudaginn 11. október kl. 9
Hilton Nordica

Leyfum okkur græna framtíð

Hautfundur Landsvirkjunar

Ávarp

Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Erindi

Jóna Bjarnadóttir
frankvæmdastjóri Samfélags og umhverfis

Gunnar Guðni Tómasson
frankvæmdastjóri Vatnsafls

Sveinbjörn Finnsson
forstöðumaður verkefnaþróunar og ráðgjafar

Jónas Hlynur Hallgrímsson
sérfræðingur í viðskiptagreiningu og þróun markaða

Pallborð

Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Halla Hrund Logadóttir
orkumálastjóri

Hörður Arnarson
forstjóri

Fundarstjóri

Þóra Arnórsdóttir
forstöðumaður samskipta

 Landsvirkjun

Skráning á
landsvirkjun.is





Þingeyjarsveit

33. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 01.10.2023 1 **Fundargerð 33. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Þinghúsinu Breiðumýri, fimmtudaginn 28. september 2023, kl. 13:00.**

Fundinn sátu: Gerður Sigtryggsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Halldór Þorlákur Sigurðsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Árni Pétur Hilmarsson var fjarverandi í hans stað sat fundinn Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson, Haraldur Bóasson og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

Oddviti setti fund og kalli eftir athugasemdum við fundarboð.

Eyþór Kári Ingólfsson kvaddi sér hljóðs og vakti athygli á að fundagátt hafi bilað og gögnin því birst fundarmönnum seinna en fundarboðið. Oddviti bar upp til atkvæðagreiðslu hvort fresta ætti fundi vegna framkominna athugasemda. Var lög-mæti fundarins samþykkt. Oddviti óskaði eftir að bæta á dagskrá umsagnarbeiðni um tækifærisleyfi vegna Slægjufundar frá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra og Póstbox í Þingeyjarsveit. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla sveitarstjóra - 2303021 Skýrsla sveitarstjóra flutt munnlega og til kynningar. Til máls tók: Eyþór Kári Ingólfsson. Kynnt

2. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2023 - 2309099 Lagt fram til kynningar rekstrarýfirlit fyrir fyrstu sjö mánaði ársins. Rekstur málaflokka er nokkuð í jafnvægi miðað við fjárhagsáætlun og heildarrekstrarniðurstaða er jákvæð um 5 millj. kr. eftir fyrstu sjö mánaði ársins. *Til máls tóku: Jóna Björg Hlöðversdóttir, Eyþór Kári Ingólfsson, Knútur Emil Jónasson, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir og Gerður Sigtryggsdóttir. Sveitarstjórn þakkar starfsmönnum skrifstofu og stofnana sveitarfélagsins þeirra þátt í þessari niðurstöðu sem náðst hefur. Samþykkt*

3. Beiðni um lausn frá störfum í fræðslu- og velferðarnefnd - 2309019 Lagt fram erindi frá Sigurði Narfa Rúnarssyni þar sem hann óskar eftir lausn frá setu í fræðslu- og velferðarnefnd. 33. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 01.10.2023 2 *Til máls tók: Knútur Emil Jónasson. Sveitarstjórn þakkar Sigurði Narfa fyrir störf hans í Fræðslu- og velferðarnefnd og samþykkir að Knútur Emil Jónasson taki hans sæti í nefndinni. Samþykkt*

4. Samþykkt um hunda- og kattahald í Þingeyjarsveit - 2304022

Lögð fram drög að samþykktum um hundahald og kattahald sem voru á tekin fyrir á 9. fundi umhverfisnefndar 14. september sl. *Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins. Frestað*

5. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs - ráðning - 2308041

Í lok ágúst sl. var auglýst var eftir sviðsstjóra fjölskyldusviðs með umsóknarfresti til 14. september. Ein umsókn bárust um starfið. Lagt var mat á framlögð umsóknargögn í samræmi við þær menntunar- og hæfniskröfur sem settar voru fram í aug-

lýsingu. Til máls tók: Jóna Björg Hliðversdóttir. Í framhaldi þess að sveitarstjórn hefur kynnt sér öll gögn málsins er lögð fram eftirfarandi tillaga: Sveitarstjórn samþykkir að ráða Ástu Fönn Flosadóttur í starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs Þingeyjar-sveitar. Ásta er með MPA í opinberri stjórnáslu frá Háskóla Íslands og kennsluréttindi. Ásta var kennari og millistjórnandi í Menntaskólanum á Akureyri 1999-2008 og skólustjóri Grenivíkurskóla 2008-2021. Einnig sat hún í sveitarstjórn Grýtu-bakkahrepps 2006- 2018. Frá því í mars sl. hefur Ásta verið í starfi 75% verkefna-stjóra fjölskyldumála og falla verkefnin sem hún hefur sinnt undir sviðsstjóra fjöl-skyldusviðs auk fleiri verkefna sem falla undir sviðið. Samþykkt

6. Fjárhagsáætlun og áætlun kostnaðarskipting HNE 2024 - 2309107 Lögð fram fjárhagsáætlun og kostnaðarskipting Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra fyrir 2024, sem samþykkt var á 231. fundi nefndarinnar 20. september sl. Lagt fram

7. Végeirsstaðir - opinn skógur - 2309104 Lagt fram erindi frá Trausta Þorsteins-syni f.h. Végeirsstaðasjóðs vegna áforma um að opna Végeirsstaðaskóg í Fnjóskadal. Sjóðurinn hyggst sækja um styrk til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til að hanna gönguleiðir um skóginn, vinna að grisjun og stígagerð ásamt því að bæta aðkomu að skóginum. Í bréfinu kemur fram beiðni sjóðsins um að setja Végeirsstaðaskóg sem forgangsverkefni í 33. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 01-.10.2023 3 áfangastaðaáætlun. Til máls tók: Knútur Emil Jónasson. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með áform Végeirsstaðasjóðs og hvetur forsvarsmenn sjóðsins til að sækja í framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Tillaga að forgangsröðun áfanga-staðaáætlunar liggur fyrir og sér sveitarstjórn sér ekki fært að bæta þessu verkefni við að sinni. Samþykkt

8. Vetrarhátíð 2024 - styrkbeiðni - 2309091

Lagt er fram erindi frá Mývatnsstofu þar sem óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu til Vetrarhátíðar 2024. Til máls tók: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir og bar upp mögulegt vanhæfi. Fundurinn taldi Ragnhildi Hólm ekki vanhæfa til að taka þátt í afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar. Samþykkt

9. Skólaþjónustusamningur - Reykjahlíð - 2309089

Í gildi hefur verið samningur um skólaþjónustu milli Skútustaðahrepps og Norðurþings. Í kjölfar sameiningar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar þarf að endurskoða og samræma þá samninga sem hafa verið í gildi. Nú rekur Þingeyjarsveit skólaþjónustu fyrir Stjórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla og markmiðið er að samræma alla skóla- og sérfræðiþjónustu á milli allra skóla sveitarfélagsins. Í ljósi samræmingar þjónustu í skólum sveitarfélagsins felur sveitarstjórn sveitarstjóra að segja upp samningi um samvinnu sveitarfélaga á sviði skóla- og sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla við Norðurþing. Samþykkt

10. Umsögn - Frumvarp til laga um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Ramý - 2309111

Í samráðsgátt liggur til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992, með síðari breytingum (Sameining Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn). *Til máls tók: Gerður Sigtryggsdóttir. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda inn umsögn. Samþykkt*

11. Seigla - 2308010 Í framhaldi af samþykkt sveitarstjórnar á 24.fundi þann 11.mái sl. um að Seigla 33. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 01.10.2023 4 verði skrifstofu-aðstaða sveitarfélagsins á Laugum hefur byggðarráð fylgt eftir minnisblaði starfshóps um stjórnskipulag og húsnæðismál. Lagðar eru fram til kynningar uppfærðar teikningar af Seiglu í samræmi við vinnu starfshóps um stjórnáslu og húsnæðismál. *Til máls tóku: Haraldur Bóasson og Gerður Sigtryggsdóttir. Samþykkt með 8 atkvæðum. Halldór Þorlákur Sigurðsson sat hjá við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn hefur kynnt sér uppfærðar teikningar og felur byggðarráði að ljúka endurskoðun teikninganna. Jafnframt er byggðarráði falið kalla eftir kostnaðaráætlun og fylgja eftir framkvæmdum. Samþykkt*

12. Tillaga til Þingsályktunar - 3. mál 154. Löggjafarþing - 2309108

Lagt fram erindi frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um réttlát græn umskipti, 3. mál. *Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að senda inn umsögn um tillöguna. Kynnt*

13. Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra - Fundargerðir - 2307011 Lögð fram til kynningar 231. fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra sem fram fór 23. september sl. *Lagt fram*

14. Fundir stjórnar SSNE 2022-2026 - 2209048

Lögð fram til kynningar fundargerð 54. fundar stjórnar SSNE frá 6.september sl. *Til máls tóku: Jóna Björg Hlökkversdóttir og Gerður Sigtryggsdóttir. Jóna Björg og Gerður hvetja sveitarstjórnarfulltrúa til að taka þátt í haustþingi SSNE sem haldið verður rafhænt 6. október nk. Lagt fram*

15. Fundargerð - Aðalfundur 2023 - 2309109 Lögð er fram til kynningar fundargerð aðalfundar Dvalarheimilis aldraðra sf. sem fram fór á Húsavík þann 14. september sl. Einnig er lagður fram ársreikningur DA fyrir árið 2022 ásamt endurskoðunarskýrslu og viðhaldsáætlun fasteigna. *Til máls tóku: Knútur Emil Jónasson, Arnór Benónýsson og Gerður Sigtryggsdóttir. Lagt fram Oddviti gerði grein fyrir mögulegu vanhæfi. Varaoddviti bara upp vanhæfistillögu. Fundurinn taldi oddvita vanhæfan og vék hún af fundi kl. 13:17*

16. Sparisjóður Suður Þingeyinga - sameining afgreiðslustaða - 2309112 33. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 01.10.2023 5 Sparisjóður Suður Þingeyinga hefur tilkynnt um sameiningu afgreiðslustaða í Þingeyjarsveit. Afgreiðslan í Reykjahlíð verður sameinuð afgreiðslu Sparisjóðsins á Laugum og starfsmenn útibúsins í Reykjahlíð flytjast í afgreiðsluna á Laugum. *Til máls tóku: Eyþór Kári Ingólfsson, Arnór Benónýsson og Haraldur Bóasson. Í ljósi fyrirhugaðra breytinga hjá Sparisjóði Suður Þingeyinga hefur sveitarstjóri fundað með sparisjóðsstjóra með það að markmiði að leita leiða*

viðhalda þjónustu við íbúa og fyrirtæki í Reykjahlíð og nágrenni. Náðst hefur samkomulag við Sparisjóðinn um áframhaldandi þjónustu í Reykjahlíð þar sem sveitarfélagið leggur til húsnæði fyrir starfsmann Sparisjóðsins sem mun veita bankaþjónustu tvo daga í mánuði fyrst um sinn, sem verður endurskoðað í ljósi eftirspurnar. Samþykkt með 7 atkvæðum. Halldór Þorlákur Sigurðsson sat hjá við afgreiðslu málsins. Samþykkt Oddviti kom aftur til fundar kl. 14:04

17. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2023 - 2306013 Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar. *Frestað*

18. Skjólbrekka - Slægjuball - tækifærisleyfi - 2309116 Tekið fyrir erindi Sýslumanns-embættisins á Norðurlandi eystra, dagsett 27. september 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Huldu Maríu Þorláksdóttur, fyrir hönd Þingeyjarsveitar, um tækifærisleyfi vegna Slægjuballs í Skjólbrekku 28. október n.k. *Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins. Samþykkt Tekið á dagskrá með afbrigðum.*

19. Póstbox í Þingeyjarsveit - 2309117 Með breytingu á þjónustu póstsins í Reykjahlíð og á Laugum var áætlað að setja upp póstbox í stað afgreiðslustaða sem þar voru. Búið er að setja upp póstbox á Laugum en ekki hefur verið sett upp póstbox í Reykjahlíð. *Til máls tók: Jóna Björg Hlíðversdóttir Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við Íslandspóst vegna málsins og hvetja til að sett upp póstbox við húsnæði sveitarfélagsins að Hlíðarvegi 6 Reykjahlíð. Samþykkt*

20. Byggðarráð - 4 - 2308005F Lögð er fram til kynningar fundargerð 4. fundar byggðarráðs frá 7.9.2023. Fundargerðin er í 11 liðum. Liður nr. 8 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar. 33. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 01.10.2023 6 *Til máls tók: Eyþór Kári Ingólfsson Lagt fram*

20.1 2307008 - Forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar Norðurlands

20.2 2210005 - Markaðsstofa Norðurlands - stuðningur við Flugklasann Air66N

20.3 2309005 - Stígamót styrkbeiðni - árið 2024

20.4 2308046 - Kastali í Skútahrauni

20.5 2308044 - Skattlagning orkuvinnslu - umsögn

20.6 2308040 - Matarmál í Reykjahlíðarskóla

20.7 2308039 - Mötuneyti - erindi

20.8 2212015 - Gjaldskrá Þingeyjarsveitar 2023

Til máls tók: Eyþór Kári Ingólfsson. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu Byggðarráðs.

20.9 2308010 - Seigla

20.10 2304019 - Aðalfundur samtaka orkusveitarfélaga 2023

20.11 2309020 - Breytt fyrirkomulag forvarna

21. Byggðarráð - 5 - 2309003F Fundargerð 5. fundar byggðarráðs frá 20.9. er lögð fram til kynningar. Fundargerðin er í 11 liðum. Liður nr. 1 þarfnaðist staðfestingar sveitarstjórnar en með tölvupósti dags. 28. september var erindið dregið til baka. *Lagt fram*

21.1 2309059 - Beiðni um breytingu á samning - Hólsvirkjun Fyrir fundinum lá bréf frá Artic Hydro þar sem þeir draga erindið til baka.

21.2 2309047 - Styrkur til fráveituframkvæmda - 2023

21.3 2308043 - Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga 2024-2027 - forsendur

21.4 2309001 - Slægjufundur 2023

21.5 2304001 - Kvíhólsmýri 1B, slökkvistöð

21.6 2309098 - Áætunarflug um Húsavíkurflogvöll í Aðaldal Sveitarstjórn tekur undir bókun byggðarráðs og gerir að sinni: Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar tekur heilshugar undir bókun byggðarráðs Norðurþings og gerir að sinni: „Byggðarráð ítrekar fyrri bókanir sínar um mikilvægi þess að reglulegt áætlunarflug um Húsavíkurflogvöll í Aðaldal haldi áfram. Flugíð skipar mikilvægan sess í atvinnuuppbyggingu í Þingeyjar-sýslum sem framundan er með tilkomu Grænna iðngarða á Bakka, tvöföldun Þeistareykjavirkjunar, landeldi á svæðinu og ferðaþjónustu sem er ein stærsta atvinnugreinin á svæðinu. Enn fremur 33. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 01.10.2023 7 er flugið mikilvægt fyrir íbúa sem þurfa að sækja þjónustu á höfuðborgarsvæðið, s.s. heilbrigðisþjónustu og vegna atvinnusóknar. Byggðarráð skorar á ríkisstjórn Íslands að veita tímabundinn styrk svo að áætlunarflug til Húsavíkurflogvallar leggist ekki niður.“

21.7 2309097 - Skógarreitir og græn svæði innan byggðar

21.8 2309093 - Kynningarfundur um jafnréttismál sveitarfélaga

21.9 2306029 - Samband íslenskra sveitarfélaga - Fundargerðir

21.10 2305038 - Stjórn Norðurorku - fundargerðir

21.11 2309099 - Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2023

22. Skipulagsnefnd - 15 - 2309002F Lögð fram til kynningar fundargerð 15. fundar skipulagsnefndar frá 13.09.2023. Einn liður var á dagskrá fundarins. *Lagt fram*

22.1 2308035 - Helgastaðanáma - umsókn um framkvæmdaleyfi

23. Skipulagsnefnd - 16 - 2308004F Lögð fram til kynningar fundargerð 16. fundar skipulagsnefndar frá 20.09.2023. Fundargerðin er í 12 liðum. Liður nr. 10 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. *Lagt fram*

23.1 2308020 - Deiliskipulagsvinna fyrir Laxárstöðvar

23.2 2308038 - Hofsstaðaheiði - landskipti

23.3 2308018 - Skógarmelar 1 - beiðni um heimild til breytingar á deiliskipulagi

23.4 2309017 - Hofsstaðir - beiðni um heimild til deiliskipulagsgerðar

23.5 2309044 - Stakhólstjórn - Umhverfisstofnun - umsókn um framkvæmdaleyfi

23.6 2304012 - Búvellir - ferðaþjónustuhús

23.7 2309087 - Þeistareykir - umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir niðurrennslisholu

23.8 2309088 - Kálfastrandarstrípar og Ytrivogar - fyrirspurn um framkvæmdaleyfi - viðhald slóða

23.9 2309094 - Krafla 1 og Krafla 2 - umsókn um stofnun lóða

23.10 2308008 - Illugastaðarétt - umsókn um niðurrif

Til máls tóku: Knútur Emil Jónasson, Eyþór Kari Ingólfsson, Arnór Benónýsson og Gerður Sigtryggsdóttir. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við niðurrif Illugastaða-

réttar að undangenginni fullvissu þess að hún sé ekki í notkun.

23.11 2306001 - Vogar 1 - framkvæmdaleyfi veglagningar 33. **fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 01.10.2023 8**

23.12 2002013 - Þeistareykir - deiliskipulag Sveitarstjórn hvetur skipulagsnefnd að ljúka gerð deiliskipulags sem fyrst jafnframt felur hún sveitarstjóra að sækja um frest til framkvæmdasjóðs ferðamannaáætlunar um skil á lokaskýrslu vegna styrkveitingar sem fékkst í gerð deiliskipulagsins.

24. Íþróttá-, tómstunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveit - 10 - 2309001F Lögð er fram til kynningar, fundargerð Íþróttá-, tómstunda- og menningarnefndar frá 12.09.2023. Fundargerðin er í fjórum liðum, liðir 2 og 4 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. *Lagt fram*

24.1 2303039 - Íþróttavellir

24.2 2304043 - Erindi varðandi 17. júní hátíðahöld *Til máls tók: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir. Sveitarstjórn þakkar íþróttá-, tómstunda- og menningarnefnd erindið og felur starfsmanni nefndarinnar að funda með Eflingu og Kvenfélagi Mývatnsveitar um áframhaldandi samstarf um 17. júní hátíðarhöld í sveitarfélaginu. Jafnframt vísar sveitarstjórn beiðni um fjármagn í 80 ára afmæli lýðveldis Íslands til fjárhagsáætlunargerðar.*

24.3 2309046 - Erindi frá ÍSÍ og Landsamtökum eldri borgara - Bjartur lífsstíll

24.4 2309001 - Slægjufundur 2023 *Til máls tóku: Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Gerður Sigtryggisdóttir og Arnór Benónýsson. Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að halda í gamlar hefðir, í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir fjármagni til Slægjufundarins. Jafnframt vísar sveitarstjórn erindinu til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2024.*

25. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd Þingeyjarsveit - 8 - 2305005F Lögð fram fundargerð 8. fundar Atvinnu- og nýsköpunarnefndar frá 18. sept. sl. Fundargerðin er í sex liðum. Liður 2., 3., 4., 5. og 6. þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar. *Lagt fram*

25.1 2305001 - Glatvarmi

25.2 2309084 - Refa- og minkaveiði - fyrirkomulag

Til máls tóku: Eypór Kári Ingólfsson og Gerður Sigtryggisdóttir. Sveitarstjórn þakkar Atvinnu- og nýsköpunarnefnd fyrir erindið. Sveitarstjórn felur sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að taka til endurskoðunar samninga við aðila sem sinna refa- og minkaveiði í sveitarfélaginu. Jafnframt felur sveitarstjórn sviðsstjóra að funda með 33. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 01.10.2023 9 aðilum sem sinna minka- og refaveiðum og yfirfara fyrirkomulag veiðanna.

25.3 2307030 - SSNE - áhersluverkefni Sóknaráætlunar - Auknar fjárfestingar á NE Sveitarstjórn samþykkir þátttöku í verkefninu og felur nefndinni að fylgja verkefninu eftir í samstarfi við sveitarstjóra.

25.4 2308017 - Girðingar - beitarhólf á Austurfjöllum *Til máls tók: Knútur Emil Jónasson. Sveitarstjórn þakkar atvinnu- og nýsköpunarnefnd erindið og felur sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að leiða aðila saman til viðræðna.*

25.5 2307008 - Forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar Norðurlands *Til máls tóku:*

Jóna Björg Hlökkversdóttir, Knútur Emil Jónasson, Eyþór Kári Ingólfsson og Gerður Sigtryggsdóttir. Sveitarstjórn þakkar Mývatnssstofu og atvinnu- og nýsköpunarnefnd fyrir vinnu við tillögur á áfangastaðaáætlun. Sveitarstjórn leggur til að bætt verði á listann einu verkefni: Höfði í Mývatnssveit lagfæring á göngustígum og umhverfi þeirra.

25.6 2309096 - Framkvæmdasjóður ferðamannastaða 2024 Sveitarstjórn þakkar hvatninguna og felur sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs að senda inn umsóknir í sjóðinn í samræmi við tillögur um forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar Norðurlands með áörnum breytingum sveitarstjórnar.

26. Umhverfisnefnd - 9 - 2305003F Lögð fram fundargerð 9. fundar Umhverfisnefndar frá 14. september sl. Fundargerðin er í fjórum liðum. Liður 2 þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar, hann hefur verið tekin fyrir á fundinum. Aðrir liðir þarfnast ekki afgreiðslu sveitarstjórnar. *Lagt fram*

26.1 2304037 - Borgað þegar hent er

26.2 2304022 - Samþykkt um hunda- og kattahald í Þingeyjarsveit Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

26.3 2309045 - Tilnefning til umhverfisverðlauna 2023

26.4 2306035 - Endurheimt votlendis á Norðurlandi eystra Fundi slitið kl. 15:00.

Viðvera starfsmanna

Þingeyjarsveitar í Reykjahlíð í október.

Eftirtaldir starfsmenn verða á skrifstofu Þingeyjarsveitar að Hlíðavegi 6 Reykjahlíð í október.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

4., 10., 18 og 25. október frá kl. 9-15

Ásta F. Flosadóttir verkefnastjóri fjölskyldumála

4., 11., 18 og 25. október frá kl. 9-15

Atli Steinn Sveinbjörnsson skipulagsfulltrúi

10., 17. og 24. október frá kl. 9-15

Rögvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

10. og 17. október frá kl. 9-15

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi.

Beiðni um viðtalstíma sendist á

netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is



Þingeyjarsveit



Þingeyjarsveit

Verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála

Þingeyjarsveit leitar af drífandi verkefnastjóra til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála. Verkefnin snúa að íbúum sveitarfélagsins á öllum aldri.

Starfið heyrir undir fjölskyldusvið og er næsti yfirmaður sviðsstjóri þess.

Starfssvið og helstu verkefni:

- Daglegt utanumhald með æskulýðs-, tómstunda- og menningarmálum á vegum sveitarfélagsins
- Ráðgjöf og þátttaka í stefnumótun og eftirfylgni stefnumótunar
- Samstarf og samskipti við hagsmunaaðila á svæðinu sem og stofnanir og aðila utan þess
- Tengiliður sveitarfélagsins við félagasamtök sem koma að æskulýðs-, tómstunda- og menningarstarfi
- Yfirumsjón með félagsstarfi aldraðra
- Tekur þátt í uppbyggingu og skipulagningu verkefna í forvörnum, menningu og fjölmenningu í sveitarfélaginu
- Umsjón með verkefninu Heilsueflandi samfélag
- Umsjón með vinnuskóla í samstarfi við umhverfis- og framkvæmdasvið
- Er starfsmaður íprótta-, tómstunda- og menningarnefndar
- Önnur verkefni í samráði við yfirmenn

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Farsæl reynsla af verkefnum sem falla að starfinu
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnarsýslu
- Leiðtogahæfni og rík færni í mannlegum samskiptum
- Góð skipulagsfærni, árverkni og öguð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni

Umsóknarfrestur er til og með **11. október 2023**

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda. Við ráðningu eru jafnréttissjónarmið jafngild öðrum málefnalegum sjónarmiðum og hvetjum við áhugasama að sækja um, óháð kyni og uppruna. Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veita:

Telma Eiðsdóttir | telma@mognum.is

Sigríður Ólafsdóttir | sigga@mognum.is

Fundarboð

Veiðifélag Reykjadalssár og Eyvindarlækjar boðar til almenns félagsfundar 18 okt kl. 20.00 í veiðihúsinu á Bollastöðum.

Efni fundar:

Kostnaðaráætlun framkvæmda við Bollastaði veturinn 2023-2024.

Fjármögnun framkvæmda.

Veiðitölur sumarsins.

Fiskræktarstefnan - Skipulagning á hrognagreftri.

Stjórn félagsins.

Nýir umsjónarmenn Þinghússins á Breiðumýri



Þingeyjarsveit

Nýverið auglýsti Þingeyjarsveit eftir umsjónarmönnum til að sjá um þinghúsið á Breiðumýri. Einar Örn Kristjánsson, Ásta Gísladóttir, Valþór Freyr Þránínsson og Agnes Gísladóttir hafa verið ráðin í starfið og hefja störf næstu mánaðarmót.

Við bjóðum þau velkomin til starfa!

Hægt verður að bóka félagsheimilið í gegnum símanúmerið 848-3512 eða með því að senda póst á netfangið breidamyri@thingeyjarsveit.is.



Messa á Grenjaðarstað

Almenn guðsþjónusta verður á Grenjaðarstað næstkomandi sunnudag, 8. október kl. 11:00.

Verið öll velkomin.

Séra Þorgrímur.

Leikskólakennarar óskast til starfa í leikskóladeildum Þingeyjarskóla, Barnaborg og Krílabæ

Fáist ekki starfsmaður með leyfisbréf til kennslu, kemur til greina að ráða háskólamenntaðan einstakling eða einstakling með reynslu af starfi með börnum, sbr. lög nr. 95/2019.

Við Þingeyjarskóla eru lausar stöður:

- Leikskólakennara við leikskóladeildina Barnaborg á Hafralæk í 100% starf.
- Leikskólakennara við leikskóladeildina Krílabæ á Laugum í 60-80% starf.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum. Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í síma 4643580 / 8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi ef við á. Gerð er krafa um hreint sakavottorð. Umsóknarfrestur um stöðurnar er til **15. október** og skal umsóknum skilað til skóla-
stjóra, johannrunar@thingeyjarskoli.is

LEIRMÓTUN Á LAUGUM

Alla laugardaga í október kl 9-13



Skráning og nánari upplýsingar:
anitakg@gmail.com og www.hac.is
Verð: 39.500



SÝNINGAROPNUN

TÍMAMÓT CrossRoads

Elín Edda Árnadóttir

kolateikningar / charcoal drawings

- Myndlistarsalurinn -

Safnahúsið á Húsavík

laugardagur 7. október kl. 14

Ungur drengur færði Elínu Eddu eitt sinn hvalskiði að gjöf og hefur það af og til orðið kveikjan að einstökum myndverkum sem listakonan vinnur með svörtum kolum og blandaðri tækni á pappír.

Verið velkomin!

Léttar veitingar í boði

